

Glerárskóli 5. mars 2018

Skólaráðsfundur 05. mars. 2018

Mættir: Helga Halldórsdóttir, Tómas Lárus Vilbergsson, Sigurjón Magnússon, Soffía Guðmundsdóttir, Ágúst Lárusson, Berglind Rafnsdóttir

Fundarefni : Skóladagatal, árshátíð, skólaþing og önnur mál

Helga hóf fundinn á því að byrjaði að dreifa og kynna skóladagatalið. Fór yfir helstu daga og viðburði næsta skólaárs ásamt útskýringum. Engar athugasemdir gerðar við skóladagatalið og það samþykkt.

Umræða um skólaleik, sem er í raun framhald af leikskóla.

Rætt um árshátíð sem er að breyta á og starfð í kringum hana farið á fullt . Umræða um árshátíð og þær hefðir sem henni fylgja og hve mikilvægt væri að halda í þær.

Rætt um skólaþing og starfið framundan og allar þær kannanir sem á skólunum dynja. Með skólaþingi munu nemendur og starfsmenn skólans þinga um málefni skólans, skólabraginn, með áherslu á umgengni og samskipti. Enda síðan á samþykkt sáttmála sem allir fari eftir.

Rætt um samræmd könnunarpróf sem eru framundan og síðan Písa í apríl.

Rætt um stoðkerfi skólanna hvað það sé í rauninni vanmáttugt og þungt í vöfum, of löng bið. Rætt um hvort við ættum að vera yfir höfuð með haust og vetrarfrið, börn koma mörg hver þreytt og æst eftir fríin.

Einnig rætt um tilkomu „óæskilegra“ íbúa nálægt skóla og fjölskylduhverfum og hvort skólastjórar ættu að ræða um þau mál sín á milli með tilliti til nálægð skóla við þannig íbúa.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Tómas Lárus Vilbergsson